

VSÓ RÁÐGJÖF

Sjálfbærniskýrsla 2025

Apríl 2026





UMHVERFI

FÉLAGSLEGIR
ÞÆTTIR

STJÓRNARHÆTTIR

EFNISYFIRLIT

Ávarp framkvæmdastjóra	2
Um skýrsluna	3
VSÓ Ráðgjöf	3
Umhverfi	5
Losun gróðurhúsalofttegunda	5
Orkunotkun	7
Samgöngur	9
Úrgangur og pappír	9
Félagslegir þættir	11
Jafnrétti og launahlutfall	11
Öryggi og heilsa	11
Samfélagsþátttaka	14
Stjórnarhættir	15
Stjórn VSÓ Ráðgjafar	15
Ábyrgir stjórnarhættir	15
Persónuvernd	15
Græna leiðin	16
Breytingar í umhverfinu	16
Faglegt starf á sviði sjálfbærni	16
Fjölbreytt verkefni	17
Viðauki - UFS Mælikvarðar	20
UFS mælikvarðar – Umhverfi	21
UFS mælikvarðar – Félagslegir þættir	23
UFS mælikvarðar – Stjórnarhættir	26



UMHVERFI

FÉLAGSLEGIR
ÞÆTTIR

STJÓRNARÞETTIR

ÁVARP FRAMKVÆMDASTJÓRA

Ágæti lesandi.

Á árinu 2025 var unnið úr stefnumótunarvinnu hluthafa hjá VSÓ Ráðgjöf þar sem m.a. stefna var kláruð sem lýsir hlutverki okkar: *Við leiðum þig í átt að betra samfélagi*. Þetta lýsir sannfæringu okkar um að fagleg og sjálfbær ráðgjöf geti haft áhrif – á umhverfið, samfélagið og lífsgæði fólks.

Jafn vöxtur og góð verkefnastaða var á árinu, þrátt fyrir krefjandi aðstæður á vinnumarkaði. Við höfum lagt áherslu á að laða að og halda í hæfileikaríkt fólk og styrkja þá menningu sem gerir VSÓ að eftirsóttum vinnustað. Starfsfólkið er drifkrafturinn í öllu sem við gerum og fagþekking þess, fjölbreytni og samheldni eru undirstaða árangurs.

Sjálfbærnivegferð okkar skilaði góðum árangri á árinu. VSÓ hlaut, ásamt samstarfsaðilum, Grænu skófluna frá Grænni byggð – viðurkenningu sem staðfestir að vistvæn hönnun og endurnotkun byggingarefna skila árangri. Svansvottun lauk á leikskólanum Litla Jörfa þar sem starfsfólk VSÓ kom að verkefninu á fjölbreyttan hátt, allt frá ráðgjöf og orkuútreikningum til hönnunar og eftirlits. Þá tókum við að okkur hönnun á hluta Borgarlínunnar, lykilverkefni í uppbyggingu sjálfbærra samgangna á höfuðborgarsvæðinu.

Almenn þátttaka starfsfólks í að draga úr kolefnisspori hefur skilað árangri. Hlutfall þeirra sem nýta vistvænar samgöngur til og frá vinnu fer stöðugt hækkandi og árleg sjálfbærnivika er orðinn fastur liður í starfseminni. Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda af rekstri VSÓ hefur minnkað um 63% frá upphafi mælinga árið 2014 og við höldum áfram að stofna til bindingar á móti losun í samstarfi við Kolvið.

Framundan bíða spennandi tækifæri. Nýjar kröfur um lífsferilsgreiningar, aukinn áhugi á sjálfbærnivottunum og vaxandi vitund um loftslagsaðlögun opna dyr sem VSÓ er vel í stakk búð til að ganga inn um. Með nýju stefnunna að leiðarljósi munum við halda áfram að þróa þjónustu okkar og styðja viðskiptavinum í að byggja upp sjálfbærara samfélag.

Ég þakka öllu starfsfólki VSÓ fyrir framúrskarandi framlag á árinu og viðskiptavinum okkar fyrir traustið. Saman höldum við áfram á þessari mikilvægu vegferð.





UMHVERFI

FÉLAGSLEGIR
ÞÆTTIR

STJÓRNARÞÆTTIR

UM SKÝRSLUNA

VSÓ Ráðgjöf metur frammistöðu sína á sviði sjálfbærni og samfélagslegrar ábyrgðar með hjálp **UFS mælikvarða** og tekur saman helstu niðurstöður í **sjálfbæriskýrslu**. Notaðar eru **leiðbeiningar Nasdaq** um UFS mælikvarða. **UFS** stendur fyrir **umhverfi, félagslega þætti og stjórnarþætti**. Leiðbeiningarnar eru ætlaðar fyrirtækjum sem vilja efla sjálfbærni, tryggja öfluga upplýsingagjöf um frammistöðu á þessum sviðum og auka gagnsæi í rekstri.

Köflum skýrslunnar er skipt eftir þremur stöðum UFS mælikvarðanna. Farið er yfir **markmið VSÓ Ráðgjafar** sem tengjast UFS mælikvörðunum og hvort þeim sé náð, ásamt því að vísa í viðeigandi **heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og undirmarkmið þeirra** og fyrirtækið leggur áherslu á. Í **viðauka** má sjá hvaða mælikvarða **heimsmarkmiðanna** fyrirtækið tengir við.

Í sjálfbæriskýrslunni er sér kafli um **Grænu leiðina** og endurspeglar hann áherslur á sviði sjálfbærni og hringrásarhagkerfis í þjónustu og verkefnum VSÓ.

UFS leiðbeiningar Nasdaq fjalla um það hvernig fyrirtæki geta með markmiðasetningu og upplýsingagjöf sýnt samfélagslega ábyrgð í verki með áherslu á sjálfbærni.

Í **viðauka** er **samantekt á frammistöðu** VSÓ gagnvart öllum þeim þáttum sem UFS mælikvarðarnir ná yfir, ásamt samanburði við árið 2024.

VSÓ RÁÐGJÖF

Við leiðum þig í átt að betra samfélagi. VSÓ Ráðgjöf er alhliða ráðgjafar- og verkfræðifyrirtæki sem leggur áherslu á trausta og faglega þjónustu á sviði umhverfismála, skipulags og mannvirkjagerðar. Starfsemin skiptist í sjö svið: burðarvirki, byggðatækni, samgöngur, umhverfi og skipulag, tæknikerfi, verkefnastjórn og fjármál og rekstur. Að auki heyrir undir starfseminna dótturfélagið VSÓ Consulting AS í Noregi sem er alfarið í eigu VSÓ Ráðgjafar. Starfsmannafjöldi árið 2025 var að meðaltali 92, samhentur hópur sérfræðinga með fjölbreytta menntun, reynslu og þekkingu.



Burðarvirki

Við hönnun burðarvirkja eru kröfur um styrk, útlit og hagkvæmni samræmdar með nýjustu tækni til útreikninga og við myndvinnslu.



Byggðatækni

Yfirborð og jarðvegur hins manngerða og náttúrulega umhverfis ásamt undirliggjandi kerfum eru verksvið byggðatækni.



Samgöngur

Skilvirkar samgöngur og öryggi í umferðinni skipta höfuðmáli svo öll komist leiðar sinnar með sem greiðustum hætti.



Tæknikerfi

Hin fjölmörgu tæknikerfi mannvirkja, bæði rafkerfi og lagnakerfi, bjóða upp á síaukna möguleika til að auka hagkvæmni og bæta lífsgæði notenda.



Umhverfi og skipulag

Öll uppbygging og nýting á landi hefur langvarandi áhrif á umhverfi þess og notendur. Mikilvægt að standa rétt að öllum undirbúningi.



Verkefnastjórn

Hverskyns byggingarframkvæmdir krefjast góðs undirbúnings, ígrundaðra áætlana, ábyrgrar stjórnunar og öflugs eftirlits.

Lögð er áhersla á þátttöku starfsfólks í að skapa góða öryggismenningu, vellíðan, heilsu og jafnrétti. Fagþekking og reynsla starfsfólks er lykill að árangri og við styðjum við símenntun og framþróun í starfi. Við leggjum áherslu á góða liðsheid, heilbrigða vinnustaðamenningu og fjölskylduvænan vinnustað. Víðtæk reynsla starfsfólks byggir einnig á þeim fjölbreyttu verkefnum sem fyrirtækið hefur unnið að hér á landi og erlendis á þeim 68 árum sem liðin eru frá því fyrirtækið var stofnað.


Einkunnarorð og gildi VSÓ Ráðgjafar

ÁRANGUR Við leggjum áherslu á að öll verkefni sem við tökum að okkur skili raunverulegum árangri fyrir viðskiptavininn.

FRAMFARIR Stöðugar framfarir skipta VSÓ Ráðgjöf höfuðmáli því aðeins þannig getum við hjálpað viðskiptavinum okkar að bæta árangur.

FORSKOT Við viljum að ráðgjöf okkar hjálpi viðskiptavinum að ná forskoti á sínu sviði.

Hugmyndafræði **sjálfbærrar þróunar** er höfð að leiðarljósi í rekstri og ráðgjöf VSÓ, veitt ráðgjöf og boðið upp á vistvænar og hagkvæmar lausnir sem stuðla að raunverulegum árangri og samkeppnisforskoti. Í **Grænu leiðinni** er áherslan á að draga fram það besta í vistvænni hönnun ásamt því að styðja við jákvæða byggðapróun, tryggja góða orkunýtingu, bæta auðlindanýtingu og lágmarka úrgang. Ísland stefnir að kolefnishlutleysi árið 2040 og VSÓ leggur sitt af mörkum í þeirri mikilvægu vegferð.



VSÓ hefur víðtæka reynslu af ráðgjöf á sviði gæða-, umhverfis- og öryggis- stjórnunar og starfar samkvæmt vottuðum gæða-, umhverfis- og öryggis- stjórnunarkerfum í samræmi við **ISO 9001, ISO 14001 og ISO 45001** staðlana auk þess að starfa eftir **ÍST 85 jafnlaunakerfi**. VSÓ vinnur einnig samkvæmt **persónuverndarstefnu, jafnréttisáætlun og sáttmála gegn einelti, áreitni og ofbeldi**.

Sjálfbærnistefna VSÓ nær yfir rekstur og ráðgjöf fyrirtækisins þar sem áherslan er á fjögur stefnumið stefnunar:

- Framsækni í loftslags- og umhverfismálum
- Eftirsóttur og öruggur vinnustaður
- Hagur viðskiptavina og gæði þjónustu
- Ábyrgir viðskipta- og stjórnarhættir

VSÓ vinnur að því að innleiða hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar með áherslu á þau **Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna** sem eiga best við starfsemina, en þau eru:



Með þessu leggur VSÓ sitt af mörkum í þeirri viðleitni að ná Heimsmarkmiðunum fyrir 2030. Heimsmarkmiðin veita stjórnvöldum og fyrirtækjum um heim allan **sameiginlegan ramma fyrir sjálfbærni í rekstri** þar sem þrjár meginstoðir sjálfbærrar þróunar eru skoðaðar í samhengi og mynda jafnvægi þeirra.



UMHVERFI

Hér er fjallað um losun gróðurhúsalofttegunda, orkunotkun, samgöngur, úrgang og pappír. Um aðra frammistöðu VSÓ gagnvart UFS mælikvörðunum er fjallað í viðauka.

Umhverfisstjórnun í samræmi við kröfur **ÍST EN ISO 14001** er hluti af rekstrar-kerfi VSÓ Ráðgjafar og er ætlað að tryggja að fyrirtækið sýni góða frammi-stöðu í umhverfismálum og stýri þeim áhrifum sem starfsemin hefur á umhverfið. Fyrirtækið setur sér markmið um stöðugar umbætur til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum starfseminnar.

Mikilvægir umhverfispættir í starfseminni hafa verið skilgreindir og eru vaktaðir. Þeir eru eldsneytisnotkun vegna vinnutengdra ferða og ferða starfsfólks til og frá vinnu, rafmagnsnotkun í húsnæði og hleðsla rafbíla, vatnsnotkun, úrgangur og pappírnotkun. Innkaupum er stýrt og markmiðið er að kaupa vistvæna vöru ef hún er í boði. Notuð eru umhverfisvæn ræstiefni og hreinlætispappír eins og kostur er. Útgefið efni er ýmist á rafrænu formi eða prentað í umhverfisvottaðri prentsmíðju. Notaður er Svansvottaður prentpappír.

Umfang 1:

Bein losun vegna eigin starfsemi s.s. vegna framleiðsluferla og farartækja fyrirtækis.

Umfang 2:

Óbein losun vegna orkunotkunar (rafmagn og heitt vatn til eigin nota).

Umfang 3:


Óbein losun sem á sér stað utan fyrirtækis, s.s. vegna ferða starfsfólks til og frá vinnu, vinnutengdra flugferða, förgunar úrgangs, aðkeyprar vöru og þjónustu og flutninga.

LOSUN GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA



Markmið: Að losun gróðurhúsalofttegunda vegna ferða starfsmanna til og frá vinnu minnki um 5% miðað við 2024.

Staðan: Stuðst er við **aðferðafræði Greenhouse Gas Protocol** við útreikninga á kolefnisspori VSÓ á ársgrundvelli. Losun GHG miðað við CO₂-ig er skipt í umfang 1, 2 og 3 eftir því hvar í virðiskeðjunni losunin á sér stað (mynd 1). Einnig er reiknuð út heildarlosun GHG á hvert stöðugildi.



Mynd 1: Losun GHG (CO₂-ig) og skipting í umfang 1, 2 og 3 samkvæmt aðferðafræði Greenhouse Gas Protocol.


Reiknuð losun GHG (CO₂-ig) árið 2025 vegna starfsemi VSÓ voru 41 tonn og stendur í meginráttum í stað miðað við árið 2024 (40 tonn). Samdráttur í losun GHG í heildina er 63% frá upphafi mælinga árið 2014 en þá var losunin um 111 tonn CO₂ig.

Losun vegna umfangs 1 og 2 árið 2025 var 34% af heildarlosun og losun vegna umfangs 3 var 66%. Þessi hlutföll voru 27% og 73% árið 2024. Hlutfall losunar vegna umfangs 1 jókst á milli ára, var 20% árið 2024 en 29% árið

2025. Ástæðan var meiri losun vegna flugferða og notkunar einkabíla í vinnuferðir.


Inni í losun vegna umfangs 3 er losun vegna vinnutengdra flugferða, ferða starfsfólks til og frá vinnu og förgunar úrgangs. Heildarlosun og hlutfall losunar GHG í umfangi 1, 2 og 3 er sýnd á mynd 2. Í umfangi 3 veða ferðir starfsfólks til og frá vinnu mest. Hlutfall losunar GHG vegna þessa þáttar minnkaði um 14% frá árinu 2024 (mynd 3).

Uppruni losunar hjá VSÓ árið 2025 er sýndur á mynd 4.




Mynd 2: Reiknuð losun GHG (CO_{2e}) í tonnum vegna starfsemi VSÓ í umfangi 1, 2 og 3 árin 2016-2025.

Lykiltölur um umhverfi		
Heildarlosun GHG 41 tonn CO _{2e}	Losun vegna ferða starfsfólks til og frá vinnu 20 tonn CO _{2e}	Losun vegna ferða á vinnutíma 16 tonn CO _{2e}



Mynd 3: Losun GHG (CO_{2e}) vegna ferða starfsfólks til og frá vinnu árin 2016-2025.



Mynd 4: Uppruni losunar GHG (CO_{2e}) árið 2025 (hlutfall).



UMHVERFI



FÉLAGSLEGIR ÆTIR



STJÓRNARHÆTTIR

VSÓ hefur gert samning við **Kolvið** um að stofna til bindingar á móti losun vegna reksturs fyrirtækisins frá árinu 2021 og verður það endurtekið fyrir árið 2025. Kolefnisbinding er framkvæmd með skógrækt. VSÓ bindur kolefni á móti sinni losun með skógrækt í samstarfi við **Kolvið** sem er með alþjóðlega vottun skv. ISO 14064-2 á verkferil og skógræktarverkefni.

Hjá VSÓ er unnið að ýmsum verkefnum sem stuðla að minni losun GHG.


<p>Bifreiðar VSÓ</p> <p>Starfsfólk hefur aðgang að sex vinnubílum.</p>	<p>Rafmagnshjól</p> <p>Starfsfólk hefur aðgang að rafmagnshjóli.</p>	<p>Frjár strætóferðir</p> <p>Starfsfólk getur fengið strætókort frá VSÓ til að ferðast til og frá vinnu.</p>
<p>Rafræn samskipti</p> <p>Fjarfundir og rafræn staðfesting á rýni gagna.</p>	<p>Vistvænar samgöngur</p> <p>Starfsfólki getur gert samgöngusamning um vistvænar samgöngur.</p>	<p>Fjarvinna</p> <p>Starfsfólki er gert mögulegt að vinna heima.</p>

ORKUNOTKUN



Markmið: Lágmarka orkunotkun og auka hlutfall endurnýjanlegrar orku.

Staðan: Orkunotkun hjá VSÓ samanstendur af rafmagni, heitu vatni og jarðefnaeldsneyti. Hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa var 86% árið 2025 (mynd 5) sem er 3% minna en árið 2024.



Mynd 5: Hlutfallsleg notkun endurnýjanlegra (rafmagn og heitt vatn) og óendurnýjanlegra orkugjafa (jarðefnaeldsneyti) hjá VSÓ 2025.


Rafmagn og vatn

Rafmagnsnotkun vegna lýsingar er lágörkuð með hreyfiskynjurum þar sem við á og er starfsfólk hvatt til að slökkva á ljósum og tölvuskjáum í lok vinnudags.


Rafmagnsnotkun á hvert stöðugildi var 2.052 kWst árið 2025 sem er 2% minni en árið á undan. Notkunin hefur verið svipuð hin síðari ár og er mun minni en árið 2016 þegar hún var 2.700 kWst (mynd 6). Rafmagnsnotkun vegna hleðslustöðva hefur aukist nokkuð frá því að þær voru teknar í notkun árið 2021. Sú rafmagnsnotkun var 16% af heildarnotkun árið 2025 en eingöngu 5% árið 2021. Ástæðan er sú að rafbílum í eigu VSÓ og starfsfólks hefur fjölgað.

Notkun á heitu vatni á hvert stöðugildi var 60 m³ árið 2025 sem er nokku minni en hefur verið í gegnum árin að undanskildum covid árunum (mynd 7). Heitt vatn er notað til að hita upp húsnæðið og kalda vatnið til drykkjar og þvotta.

Fjölgun starfsfólks hefur áhrif á orkunotkun þar sem fleira fólk nýtir sama rýmið og dregur því úr orkunotkun á hvern starfsmann.



Mynd 6: Rafmagnsnotkun á hvern starfsmann hjá VSÓ 2016-2025.




Mynd 7: Heildar vatnsnotkun 2016-2025 sýnd á súlum (vinstri ás). Brotalínur sýna viðmiðið 0,5-0,8 m³/m³ frá veitum.is. Línur sýna vatnsnotkun á stöðugildi (hægri ás).

Eldsneyti

Markmið: Að minnka notkun jarðfnaeldsneytis vegna vinnutengdra ferða.

Staðan: Starfsemi VSÓ krefst þess að starfsfólk ferðist á milli staða við vinnu sína. Vegna verkefna sem unnin eru úti á landi og í Noregi þarf stöku sinnum að fljúga í vinnutengdar ferðir. Bílafloti fyrirtækisins samanstendur af þremur rafbílum, tveimur tengiltvinnbílum og einum dísilbíl. Mynd 8 sýnir losun GHG miðað við mismunandi tegundir eldsneytis á bifreiðum VSÓ árið 2025.

Notkun á jarðfnaeldsneyti í vinnutengdar ferðir (bifreiðar VSÓ og einkabílar) minnkaði um 14% frá árinu 2024.



Mynd 8: Hlutfall losunar GHG (CO₂e) vegna notkunar á mismunandi tegundum eldsneytis á bifreiðum VSÓ árið 2025.



UMHVERFI

FÉLAGSLEGIR
ÆTIR

STJÓRNARÆTIR

SAMGÖNGUR



Markmið: Stuðla að vistvænum samgöngum starfsfólks til og frá vinnu.

Staðan: VSÓ hvetur starfsfólk til að nýta sér vistvæna og heilsu-samlega samgöngumáta til og frá vinnu. Frá árinu 2022 hefur verið boðið upp á samgöngusamning til þriggja, sex eða tólf mánaða sem skuldbindur fólk til að ferðast með vistvænum hætti a.m.k. þrisvar í viku. Þau sem ekki hafa tök á að gera slíkan samning geta fengið fríar strætóferðir með Klapp 10 korti sem VSÓ útvegar þeim sem geta ferðast með strætó af og til.

Niðurstöður ferðavenjukannana benda til þess að starfsfólk nýti sér vistvænan ferðamáta í auknum mæli, þó meira á sumrin en á veturna. Niðurstöður könnunarinnar sýndu að 62% nýttu sér vistvænar samgöngur að jafnaði yfir sumartímamann (maí-sept.) 2025 en um 59% yfir vetrartímamann. Þessi hlutföll voru 58% sumarið og 50% veturinn 2024. Í vistvænum samgöngum felst að ganga, ferðast á hjóli eða hlaupahjóli, strætó, rafmagns-, metan eða tengiltvinnbíl.

ÚRGANGUR OG PAPPÍR




Markmið: Stuðla almennt að minni hráefnisnotkun og minnka úrgangsmýndun.

Staðan: Frá árinu 2011 hefur VSÓ unnið eftir **umhverfis- og samgöngustefnu** og frá 2023 eftir **sjálfbærnistefnu**. VSÓ leggur áherslu á að í allri starfsemi fyrirtækisins sé góð umgengni við umhverfið og að farið sé vel með auðlindir með hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi.


Úrgangsmýndun

Markmið: Að hlutfall úrgangs sem er flokkað verði 85%.

Staðan: Árið 2025 fóru 2.974 kg í endurvinnslu og 2.123 kg af úrgangi í urðun. Þar af voru 1.633 kg lífrænn úrgangur (mynd 9). Hlutfall úrgangs sem fór til endurvinnslu minnkaði á milli ára (mynd 10). Hlutfallið var 58% árið 2025 en 75% árið 2024. Heildarmagnúrgangs minnkað þó á milli ára, var 5.097 árið 2025 en 5.410 kg árið á undan.




Mynd 9: Magn (kg) úrgangs frá starfsemi VSÓ sem fór í endurvinnslu (plast, pappír og málmar), lífrænn úrgangur og úrgangur sem fór í urðun 2016-2025.



Mynd 10: Hlutfall úrgangs sem fór í endurvinnslu í heildina og í urðun 2025.

Frá árinu 2023 hefur **matarsóun** í mötuneyti verið kortlögð yfir ákveðin tímabil ársins. Niðurstöður mælinga á matarsóun á viku sýna **aukningu á milli ára** (mynd 11).




Mynd 11: Samanburður á umfangi matarsóunar 2023 - 2025, mælt að hausti.

Pappírnotkun

Markmið: Draga úr pappírnotkun og að notkun á A4 pappír í prentara sé undir 0,3 kössum á stöðugildi á ári.

Staðan: Pappírnotkun hefur verið svipuð síðustu árin. Þegar mælingar hófust árið 2010 voru notaðir 1,8 kassar af A4 pappír á stöðugildi. Árið 2025 var notkunin komin niður í 0,12 kassar á stöðugildi sem er það sama og árið 2024 (mynd 12). VSÓ notar umhverfissvottaðan pappír í 90% tilvika.



Mynd 12: Pappírnotkun VSÓ, kassar af A4 og A3 pappír á stöðugildi árin 2016-2024.



FÉLAGSLEGIR ÞÆTTIR

Hér er fjallað um jafnrétti, launahlutfall, öryggi, heilsu og samfélagsþátttöku. Um aðra frammistöðu VSÓ gagnvart UFS mælikvörðunum er fjallað í viðauka.

Öryggisstjórnun í samræmi við kröfur **ISO 45001** er hluti af rekstrarkerfi VSÓ. Innan ramma þess eru ferlar sem stýra jafnréttis-, öryggis- og heilsumálum. Áhættumatshugsun er notuð til að forgangsraða verkefnum svo unnt sé að vinna stöðugt að umbótum. Fyrirtækið vinnur eftir **jafnréttisáætlun** þar sem gætt er jafnréttis óháð þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu. VSÓ hefur innleitt **sáttmála gegn einelti, áreitni og ofbeldi (EKKO)** ásamt forvarnar- og viðbragðs-áætlun vegna EKKO. VSÓ hefur skuldbundið sig til að vinna í samræmi við íslensk lög og alþjóðlegar skuldbindingar um mannréttindi.

JAFNRÉTTI OG LAUNAHLUTFALL



Markmið: Að kyn sé ómarktækt gildi við launaákvörðun og að reglubundinni skýrslugjöf um kynbundinn launamun sé sinnt í samræmi við lög.


Staðan: Hlutfall kvenna í starfsmannahópnum var 41% árið 2025 en 43% árið 2024. Hlutfall kvenna sem verkefnastjórar hækkaði milli ára, úr 29% árið 2024 í 33% árið 2025. Hlutfall kvenna í hópi sviðstjóra var 13% (ein kona og sex karlar) og gegna konur auk þess hlutverki gæðastjóra, mannauðsstjóra og teymisstjóra Grænu leiðarinnar. Í framkvæmdastjórn sitja 10 manns og eru 20% þeirra konur. Jafnt hlutfall kvenna og karla er í stjórn fyrirtækisins (mynd 13).

Innri jafnlaunaúttekt árið 2025 staðfestir að kyn er ekki marktækt gildi við launaákvörðun hjá VSÓ og munum við halda áfram að tryggja launajafnrétti með kerfisbundnum hætti. VSÓ mun sinna reglubundinni skýrslugjöf um kynbundinn launamun til Jafnréttisstofu í samræmi við breytt lagaumhverfi.

Hjá VSÓ starfar fólk af níu þjóðernum sem endurspeglar þá fjölbreytni sem einkennir starfsemina. Við leggjum áherslu á að allir hafi jöfn tækifæri til faglegrar þróunar óháð bakgrunni. Árið 2025 var hlutfall starfsfólks í fullu

starfi 92% og meðalstarfsaldur 15 ár sem endurspeglar stöðugleika og traust í starfsmannahópnum.

VSÓ vinnur eftir jafnréttisáætlun og sáttmála gegn einelti, áreitni og ofbeldi (EKKO) sem nær yfir alla hópa samfélagsins, óháð þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu.



Mynd 13: Kynjahlutfall starfsfólks og stjórnenda hjá VSÓ 2025.

ÖRYGGI OG HEILSA




Markmið: Að starfsánægja hjá VSÓ í HR monitor könnunum mælist að meðaltali 4,2 stig eða hærra. Að engin EKKO atvik eigi sér stað. Að engin fjarveruslys verði á starfsfólki VSÓ við vinnu.

Staðan: Almenn líðan, starfsánægja og vinnuálag er metið reglulega í **HR monitor könnunum** og gerð var fjórum sinnum árið 2025. Niðurstöðurnar sýndu að starfsánægja mældist að meðaltali 4,36 stig. VSÓ býður starfsfólki árleg **heilsufarsviðtöl, heilsufarsmælingar og bólusetningu gegn influensu**. Lögð er áhersla á líkamlega, andlega og félagslega vellíðan auk þess sem unnið er að öryggi starfa og slysaforvörnum. VSÓ hefur gert samning við utanaðkomandi aðila til að styðja við heilsufar starfsfólks og tryggir aðgang

þeirra að sálfræðipjónustu þegar svo ber undir. Fjarvistir starfsfólks vegna veikinda voru 3,6% árið 2025 en 3,8% árið 2024.

Hjá VSÓ starfar **öryggisnefnd**. Í henni eru tveir öryggistrúnaðarmenn sem eru fulltrúar starfsfólks. Nefndin rýnir ferli um **vinnuverndarmál** og tekur þátt í ákvörðunum varðandi öryggi og heilsu. Starfsfólk hefur aðgang að nauðsynlegum öryggisbúnaði til að vinna verk á öruggan hátt. Engin vinnuslys urðu 2025. Tvisvar á ári eru gerðar öryggisúttektir á vinnusvæðum í Borgartúni 20 og á öryggisbúnaði starfsfólks og hefur athugasemdum í þeim fækkað hin síðari ár (mynd 14). Einnig fer reglulega fram áhættumat starfa hjá VSÓ.



Mynd 14: Fjöldi athugasemda í öryggisúttektum VSÓ í Borgartúni 20 árin 2017-2025. Árin 2016-2024 fóru öryggisúttektir fram tvisvar á ári en einu sinni árið 2025.

VSÓ leggur ríka áherslu á að **auka þekkingu starfsfólks með sí- og endurmenntun** og býður starfsfólki að sækja ýmis námskeið og fyrirlestra tengd fagsviði þess. Einnig er starfsfólki boðið upp á námskeið í öryggismálum fyrir sérstök störf, skyndihjálp og brunavarnir og fræðslu um álag á stoðkerfi og heilsu og fyrirbyggjandi aðferðir.

Starfsfólki stendur til boða að nota bifreiðar fyrirtækisins í einkaerindum á vinnutíma. Þannig er dregið úr þeirri þörf að starfsfólk komi á einkabíl til vinnu. VSÓ rekur mótuneyti sem býður upp á fjölbreyttan og hollan mat.

VSÓ leggur áherslu á samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs og er starfsfólk upplýst m.a. um möguleika á sveigjanlegum vinnutíma, fjarvinnu eða einstaklingsbundnar lausnir varðandi vinnutíma. Starfsmannafundir eru einu sinni til tvisvar sinnum í mánuði til að upplýsa starfsfólk um rekstrarkerfi, starfsemi VSÓ og málefni sem tengjast henni.



Mynd 15: Árshátíðin var haldin á Húsavík og að því tilefni farið í skemmtilega göngu í Ásbyrgi.



Mynd 16: Golfmót starfsfólks var haldið í blíðskaparveðri á Hlíðavelli í Mosfellsbæ í ágúst.

VSÓ hvetur starfsfólk til að **efla líkamlega og andlega heilsu** og fjárfestir í **aðstöðu, búnaði og þjónustu sem stuðlar að vellíðan** og styður við að fólk geti stundað hreyfingu t.d. með því að hjóla til og frá vinnu. Byggður var hjólaskúr á árinu og öll aðstaða fyrir hjólandi bætt til muna.

Starfsfólk tekur virkan þátt í átakinu Hjólað í vinnuna og Lífshlaupinu ár hvert. Boðið er upp á heilsufarsmat árlega og veittir styrkir til líkamsræktar og styrki fyrir starfsfólk sem vill nýta sér virka ferðamáta til og frá vinnu.



Mynd 17: Gengið um Eldgjá að Ófærufossi og upp á Gjátind í september 2025.

Fjölbreytt félagsstarf er á vegum **starfsmannafélags VSÓ** og stendur félagið fyrir fjölda viðburða s.s. árhátíð, golfmóti, tónleika- og leikhúsferðum, félagsvist, sumarsprelli o.fl. Viðburðir eru skipulagðir með það í huga að efla félagsandann og heilsuna. Þá stendur starfsmannafélagið fyrir viðburðum þar sem fjölskyldur starfsfólks hittast við skemmtileg tækifæri. t.d. jólaballi, gönguferðum, fjallgöngum og útilegum.



UMHVERFI

FÉLAGSLEGIR
ÆTIR

STJÓRNARÆTIR

SAMFÉLAGSPÁTTAKA

VSÓ sýnir samfélagslega ábyrgð með því að styrkja ýmis mikilvæg málefni í nærsamfélaginu. Eitt af þeim er **Mottumars, Upp með sokkana!** sem er árlegt átak Krabbameinsfélagsins í baráttunni gegn krabbameini hjá körlum. Einnig hefur VSÓ lengi stutt við starfsemi Krafts, stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur, og ýmis önnur **verkefni almannaheillafélaga**, t.d. SÁÁ, Rauða krossinn, Neyðarkall hjálparveitanna, Hjálparstarf kirkjunnar, Samhjálp og Team Rynkeby (langveik börn).

Í nokkur ár hefur VSÓ stutt **Vinnustofu Skálatúns** sem hefur útbúið ýmis konar tækifærisgjafir fyrir VSÓ. Árið 2025 útbjó starfsfólk þess pakkaskraut á jólagjafir til starfsfólks VSÓ.



Mynd 18: Mottumars, upp með sokkana! - Sokkar ársins 2025



Mynd 19: VSÓ styður hjálparveitirnar með margvíslegum hætti, árið um kring.



UMHVERFI

FÉLAGSLEGIR
HÆTTIR

STJÓRNARHÆTTIR

STJÓRNARHÆTTIR

Hér er fjallað um stjórn VSÓ, ábyrgja stjórnarhætti, birgja og persónuvernd. Um aðra frammistöðu VSÓ gagnvart UFS mælikvörðunum er fjallað í viðauka.

STJÓRN VSÓ RÁÐGJAFAR

Áhersla er á að breidd starfsfólks endurspeglit í stjórninni hvað varðar kyn og aldur. Sex manns eru í stjórn VSÓ, þrjár konur og þrjár karlar. VSÓ er í eigu starfsmanna og eru hluthafar 25 talsins. Komið hefur verið upp matskerfi sem gerir starfsfólki kleift að óska eftir því að gerast hluthafi í félaginu en stefna meirihluta núverandi eigenda er að einungis starfsfólk geti orðið hluthafar.

ÁBYRGIR STJÓRNARHÆTTIR



Markmið: Tryggja ábyrgja stjórnarhætti sem sýna að fyrirtækið axli ábyrgð á verkum sínum. Einnig að veita viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu sem skilar þeim væntum árangri.

Staðan: Ein **meginstoðin í sjálfbærnistefnunni snýst um ábyrgja stjórnarhætti**. Við tileinkum okkur góða stjórnarhætti þar sem alþjóðlega viðurkenndum viðmiðum um framkvæmd á því sviði er fylgt. Verklag einkennist af viðskiptasiðferði, heilbrigðum viðskiptaháttum og ábyrgð. Við leggjum áherslu á að nýta fjármagn með hagkvæmum hætti og styðjum við samfélagsleg málefni, mannréttinda- og góðgerðarmál.

VSÓ leggur áherslu á að veita verðmæta og skilvirka þjónustu. Fyrirtækið hefur verið á lista Credit info yfir **framúrskarandi fyrirtæki** árlega frá árinu 2014.

VSÓ á fulltrúa í stjórn Félags ráðgjafaverkfræðinga og er þannig þátttakandi í að stuðla að eðlilegu samkeppnisumhverfi og að verkfræðivinna styðji við **jákvæðan hagvöxt og góða innviði samfélagsins**. Starfsfólk kennir ýmsar greinar í Háskóla Íslands, Háskólanum í Reykjavík og hjá lðunni, fræðslusetri.

Við innkaup á vörum og þjónustu hefur VSÓ sett viðmið til að meta birgja og þjónustuaðila sem m.a. taka á umhverfismálum, öryggi og heilsu.

PERSÓNUVERND

Markmið: Að þeir einstaklingar, starfsfólk, viðskiptavinir eða aðrir sem verið er

Lykilatriði um stjórnarhætti			
Að viðskiptavinurinn sé ánægður	Gagnsæi	Að þarfir hagsmunaaðila séu í fyrirrúmi	Lög og reglugerðir uppfylltar

að safna upplýsingum um séu upplýstir um hvernig fyrirtækið safnar og vinnur persónuupplýsingar.

Staðan: VSÓ er umhugað um **persónuvernd** og **gagnaöryggi** og því hefur fyrirtækið sett sér stefnu um persónuvernd. Markmið stefnunnar er að tryggja að VSÓ vinni aðeins með persónuupplýsingar að uppfylltum **skilyrðum persónuverndarlaga** og að gripið sé til nauðsynlegra öryggisráðstafana þegar við á. Í stefnunni kemur fram að aðeins nauðsynlegar upplýsingar eru meðhöndlaðar til að uppfylla samnings- og kjarasamningsbundnar skuldbindingar og uppfylla skyldur t.d. samkvæmt bókhaldslögum. VSÓ reynir eftir fremsta megni að halda öllum þeim persónuupplýsingum sem safnað er nákvæmum og áreiðanlegum og uppfærir þær eftir þörfum.

Viðmið VSÓ við mat á birgjum og þjónustuaðilum

- Geta til að útvega vöru/þjónustu á tryggan hátt.
- Verð á vöru og þjónustu.
- Fyrri verkefni undirverktaka og þjónustuaðila.
- Reynsla VSÓ af samstarfi við undirverktaka og þjónustuaðila.
- Fagmennska.
- Skjalfest gæðakerfi, verklag eða ferli sem unnið er eftir.
- Umhverfisstjórnun, verklag eða ferli sem unnið er eftir.
- Skipulagt vinnuverndarstarf.



UMHVERFI

FÉLAGSLEGIR
ÆTTIR

STJÓRNARHÆTTIR

GRÆNA LEIÐIN

Leiðarljós Grænu leiðarinnar er að sjálfbærni leiði til betra samfélags.

- Við sýnum samfélagslega ábyrgð með því að innleiða aðferðir og hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og hringrásarhagkerfis í þjónustu okkar.
- Við stuðlum að vitundarvakningu um sjálfbærni og stöðugum umbótum.
- Við bjóðum lausnir sem skila raunverulegum árangri og framförum.
- Við byggjum árangur á þverfaglegri þekkingu og reynslu.

BREYTINGAR Í UMHVERFINU

Reglulega rýnum við í breytingar og kröfur í umhverfinu sem geta haft áhrif á þjónustuframboð í Grænu leiðinni og verklag við úrlausn verkefna. Þetta snertir m.a. umhverfis- og skipulagsmál, mannvirkjagerð og öryggis- og efnamál.

Frá og með 1. september 2025 var **skylda að gera lífsferilsgreiningar (LCA) fyrir nýbyggingar** og skila inn til HMS. Þetta er liður í að ná markvissari stýringu á umhverfisáhrifum bygginga og miða að því að draga úr kolefnisspori og bæta efnisval. Innsending slíkra greininga er forsenda fyrir útgáfu byggingarleyfis. Þá er unnið er að fleiri breytingum á byggingareglugerð, m.a. á sviði orkunýtingar og orkuflokkunar.

Áhrif loftslagsbreytinga skapa fjölmargar áskoranir fyrir samfélagið og hið byggða umhverfi. Stjórnvöld hafa mótað stefnu í aðlögunarmálum í þeim tilgangi að auka seiglu samfélaga og vistkerfa og aðlaga samfélagið að þeim breytingum sem óhjákvæmilega munu verða vegna áhrifa loftslagsbreytinga.

Fyrsta aðlögunaráætlunin var gefin út nýlega. Í henni er lögð áhersla á vöktun, viðbrögð og mat á áhrifum loftslagsbreytinga á íslenska náttúru, samfélag og innviði til að ná utan um afleiðingar loftslagsbreytinga. Markmiðið er að auka viðnámsþrótt samfélagsins og innviða, draga úr tjónnæmi hafna og auka áfalla- og loftslagsþol innviða.

Skipulagslög hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi og í skipulagsgerð, s.s. í svæðis- og aðalskipulagi, er tekið mið af áætlunum og stefnumótun ríkisins sem snerta sjálfbærni og loftslagsmál. Þetta þýðir m.a. samþættingu lofts-

lagsmarkmiða í skipulagið, vistvæna þéttingu byggðar, vernd vistkerfa. Þá þarf að taka mið af samgönguáætlun sem styður orkuskipti.

Stefna stjórnvalda um líffræðilega fjölbreytni til 2030 hefur verið gefin út. Eitt af sex leiðarljósum stefnunnar er sjálfbær landnotkun og auðlindanýting í sátt við líffræðilega fjölbreytni. Stefnunni er ætlað að hafa áhrif á ákvarðanatöku á öllum stjórnsýslustigum og í samfélaginu almennt.

FAGLEGT STARF Á SVIÐI SJÁLFBÆRNI

Markvisst er unnið að því að efla og breikka fagþekkingu starfsfólks VSÓ í takt við sjálfbærnistefnuna. Starfsfólk VSÓ tekur virkan þátt í **faglegu starfi á sviði sjálfbærni og umhverfismála**, m.a. í Festu, FUMÍS og Grænni byggð.



Mynd 20: Grænmetismarkaður var haldinn í sjálfbærnivíku.

Í árlegri sjálfbærnivíku er stuðlað að vitundarvakningu um sjálfbærni og hringrásarhagkerfið meðal starfsfólks. Haustið 2025 var lögð áhersla á orkunotkun bygginga, nýja orkugjafa, loftslagsmál og losun frá landi. Auk þess var fjallað um það sem við getum tileinkað okkur í einkalífi, s.s. að rækta eigið grænmeti og ávexti. Markaður með ferskar afurðir úr sveitinni var haldinn og boðið upp á um á heilsusamlegan morgunverð.

VSÓ hlaut, ásamt samstarfsaðilum, **Grænu skófluna 2025**. Hún er viðurkenning Grænni byggðar fyrir mannvirki sem byggð eru með framúrskarandi

vistvænum og sjálfbærum áherslum. Gerð var lífsferilsgreining (LCA) sem sýndi að kolefnissparnaður var 34% meiri en í viðmiðunarhúsi og 53% m.v. hefðbundið íslenskt hús. Arkitekt er Arnhildur Pálmadóttir.



Mynd 21: Fulltrúar VSÓ Ráðgjafar taka á móti Grænu skóflunni, viðurkenningu Grænni byggðar.

Starfsfólk sinnir ýmissi fræðslu sem stuðlar að vistvænni mannvirkjagerð, m.a. **kennslu á námskeiðum** hjá lðunni fræðslusetri og í háskólunum. Meðal viðfangsefna er raki í húsnæði og mygluvarnir og gerð lífsferilsgreininga (LCA).

Frá 1. september 2025 er skylda að gera lífsferilsgreiningar (**LCA**) fyrir allar nýbyggingar. Á morgunverðarfundi með arkitektum fjölluðu sérfræðingar VSÓ um hvernig er hægt að nýta slíkar greiningar sem hönnunartól, leiðir til að lágmarka kolefnisspor, bæta efnisval og hvaða þættir skipta máli til að gera greininguna sem hagkvæmasta.

FJÖLBREYTT VERKEFNI

Starfsfólk VSÓ, sem vinnur að verkefnum undir hatti Grænu leiðarinnar, hefur fjlgjað frá fyrra ári. Ólík reynsla þeirra og þverfagleg þekking stuðlar að

framförum og betri árangri. Hér er fjallað um verkefni sem stuðla að sjálfbærni og innleiðingu hringrásarhagkerfis hjá viðskiptavinum.

Skipulagsgerð

Skipulagsmál eru víðtækur málaflokkur sem snertir á einn eða annan hátt flest það sem myndar hið byggða umhverfi sem við búum í. Aukin áhersla er á sjálfbærni og loftslagsmál í slíkum verkefnum. VSÓ vinnur jafnframt umhverfismat fyrir allar skipulagsáætlanir sem fyrirtækið vinnur að.

Á árinu 2025 var unnið að **aðalskipulagi** fyrir Skagafjörð, Hafnarfjörð og Keflavíkflugvöll. Áherslur í Hafnarfirði voru m.a. á að skapa sjálfbært samfélag sem býður upp á virkan og heilbrigðan lífsstíl í fallettri byggð og óspilltri náttúru. Í skipulagsvinnunni og við staðarval uppbyggingarsvæða var horft til þess að nýta land og innviði á hagkvæman máta, huga að opnum svæðum og mögulegri náttúruvá.

Þá var unnið **deiliskipulag** fyrir þéttingu byggðar á Kirkjubæjarklaustri og rannsóknar- og orkuvinnslusvæði í Krýsuvík í Hafnarfirði. Á svæðinu er stefnt að orkuvinnslu til að mæta orkuþörf og heitavatnsþörf í framtíðinni.

Vistvænar samgöngur og Borgarlínan

Dæmi um þverfaglegt verkefni, sem flest svið innan VSÓ koma að er **Borgarlínan** sem er gott dæmi um verkefni í að ná markmiðum um sjálfbærar borgir, minni losun og betri nýtingu lands og innviða. VSÓ hefur unnið m.a. mat á umhverfisáhrifum Borgarlínunnar og unnið að aðalskipulagsbreytingum og deiliskipulagi fyrir afmarkaða hluta hennar. Viðamesta verkefnið á árinu 2025 er **verkhönnun Borgarlínunnar**, svæðisins sem nær frá Snorrabraut um Hlemmsvæði að Mörkinni ásamt forhönnun á gatnamótum Kringlumýrabrautar og Laugavegs/Suðurlandsbrautar. Hönnunin er unnin í nánú samráði við Betri samgöngur, Vegagerðina, Reykjavíkurborg, Veitur og aðra hagsmunaaðila.

Verkefnið felur í sér:

- Hönnun gatna, gatnamóta og stíga fyrir alla samgöngumáta, þar með talið Borgarlínuna, hjólandi- og gangandi umferð.



UMHVERFI



FÉLAGSLEGIR ÆTIR



STJÓRNARHÆTTIR

- Skipulag umferðarstýringar og ljósastýringar fyrir umferð allra samgöngumáta.
- Hönnun aðliggjandi svæða Borgarlínstöðva til að tryggja greiðan aðgang og gott skipulag.
- Lýsingarhönnun, blágrænar ofanvatnslausnir og umhverfismótun.
- Samræmingu verkefna í samstarfi við sveitarfélög, veitufyrirtæki og aðra aðila sem eiga hagsmuna að gæta á svæðinu.



Mynd 22: VSÓ hannar þann hluta Borgarlínunnar sem nær yfir Suðurlandsbraut og Laugaveg að Hlemmsvæðinu meðtöldu. Mynd: Betri samgöngur.

Ýmis önnur verkefni sem stuðla að vistvænum samgöngum hafa verið unnin af VSÓ á árinu 2025. Eitt þeirra er verkefni fyrir Vegagerðina, **endurhönnun leiðarkerfis strætisvagna** sem keyra á landsbyggðinni. Þá sá VSÓ um **hönnun hjóla- og göngustíga** í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði, alls um 3 km. Verkið er hluti af uppbyggingu stofnhjólans höfuðborgarsvæðisins.

Svansvottun bygginga

Árið 2025 var metár hjá Svaninum á Íslandi varðandi fjölda byggingarverkefna í vottun. Það sama á við hjá VSÓ; verkefnum fer fjölgandi, bæði vottun á nýbyggingum og endurbótum bygginga. Í september lauk vottun á endurbótum á

leikskólanum Litla Jörfa á Bústaðavegi 81 í Reykjavík. Starfsfólk VSÓ kom að verkefninu með fjölbreyttum hætti: ráðgjöf, gerð umhverfisgreiningar, umhverfisúttekta, vistfræðigreininga, rakavarnaáætlana og orkuútreikninga. VSÓ hannaði einnig lagnir og loftræsingu, raflagnir og burðarvirki, auk þess að sinna eftirliti og byggingarstjórn.



Mynd 23: Fulltrúar Reykjavíkurborgar, Svansins á Íslandi, VSÓ Ráðgjafar og K16 þegar Svansvottun á leikskólanum Litla Jörfa var veitt.

Hönnun á BREEAM vottuðum byggingum

Mikil þekking og reynsla hefur byggst upp hjá VSÓ á kröfum til hönnunar og gerð skilagagna í BREEAM vottuðum byggingum. Á árinu 2025 hófst hönnun á **knattúsi í Úlfarsárdal** sem á að hljóta BREEAM vottun líkt og aðrar skólabyggingar á svæðinu, Dalskóli og tengd hús sem VSÓ hannaði. Þá mun **farþegamiðstöðin á Skarfabakka** hljóta BREEAM vottun. VSÓ sá um hönnun og gerð skilagagna í tengslum við hana.

Vöktun umhverfis og mælingar

VSÓ Ráðgjöf sinnir fjölbreyttri þjónustu í vöktun og mælingum á vatni, lofti og jarðvegi. Lögð er áhersla á fagleg vinnubrögð, áreiðanleg gögn og góð samskipti við stofnanir til að tryggja að hægt sé að uppfylla kröfur stjórnvalda og

lágmarka rekstraráhættu. Mengunarmælingar eru mikilvægur þáttur í eftirfylgni og reglubundnu eftirliti. Þær tryggja að starfsemi haldist innan marka og að brugðist sé við frávikum eða áhættu snemma.

Vöktun frárennslis er gerð til að fylgjast með því hvort starfsemi uppfylli kröfur um losun í frárennslis. **Vöktun vatnshlota** er unnin í samræmi við Vatnaáætlun Íslands og lög um stjórna vatnamála þar sem fylgst er með því hvort ástandi vatns hnignar. VSÓ Ráðgjöf hefur reynslu af gerð vöktunaráætlana og tekur að sér umsjón vöktunar með t.d. sýnatökum og túlkun á niðurstöðum mælinga. Verkefnin eru unnin fyrir fjölbreytt fyrirtæki, t.d. borun eftir vatni, fiskeldi á landi, urðunarstaði og framleiðslufyrirtæki.

Mælingar á loftgæðum eru gerðar bæði innan- og utandyra, til að tryggja heilsu og öryggi starfsmanna á vinnustöðum sem og almennings. Lífræn leysiefni, ryk og önnur hættuleg efni skapa áhættu og uppfylla þarf lagakröfur um vinnuvernd og mengunarvarnir. Loftgæðamælingar gefa góða mynd af mengunarálagi og eru góður grunnur til að skipuleggja mótvægisáðgerðir ef þess er þörf.

Jarðvegsmengun getur fundist á framkvæmdasvæðum og kallar það á áðgerðir til að hreinsa eða fjarlægja mengaðan jarðveg. Gera þarf mengunarmælingar í jarðvegi, meta aðstæður og vinna viðbragðsáætlanir. Löggjöf og regluverk um mengaðan jarðveg eru ung og í mikilli mótun. Sérfræðingar VSÓ hafa tekið virkan þátt í starfi Fagfélags um mengun á Íslandi (FUMÍS) við að leiða saman helstu sérfræðinga landsins og erlenda sérfræðinga.

Leyfisveitingar og BAT (Besta Aðgengilega Tækni)

VSÓ Ráðgjöf veitir faglega ráðgjöf við undirbúning og umsóknir vegna leyfisveitinga fyrir atvinnustarfsemi. Ráðgjöfin felur í sér greiningu á lagakröfum, aðstoð við undirbúning gagna og samskipti við leyfisveitendur. Markmiðið er að tryggja skýr samskipti við leyfisveitendur og lágmarka töf eða áhættu í tengslum við áætlanir og framkvæmdir.

Besta Aðgengilega Tækni (BAT) eru bestu lausnirnar sem þekkjast í dag til að draga úr umhverfisáhrifum og mengunarálagi en þær byggja á BAT-niðurstöðum sem eru gefnar út af Evrópusambandinu. BAT-niðurstöður eru grund-

völlur fyrir skilyrði í starfsleyfum Umhverfis- og orkustofnunar og heilbrigðis-eftirlits. VSÓ hefur aðstoðað rekstraraðila við BAT-greiningu þar sem skoðað er hvernig viðkomandi starfsemi uppfyllir BAT, hvaða uppgefna tækni er notuð eða verður notuð og lagðar eru fram tillögur að úrbótum ef þörf er á.



Mynd 24: Ef jarðvegsmengun er á framkvæmdasvæðum þarf að meta aðstæður, gera mengunarmælingar og vinna viðbragðsáætlanir.



UMHVERFI

FÉLAGSLEGIR
ÞÆTTIR

STJÓRNARÞÆTTIR

VIÐAUKI - UFS MÆLIKVARÐAR



Í viðaukanum eru **UFS mælikvarðarnir** settir fram í samræmi við **leiðbeiningar Nasdaq** og mat á frammistöðu VSÓ Ráðgjafar gagnvart þeim þáttum sem UFS mælikvarðarnir ná yfir. Árangur frá fyrra ári (2024) er metinn. Notaðir eru litirnir **grænn, gulur, appelsínugulur og hvítur** til að lýsa frammistöðunni. Einnig eru **Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna (HSP)**, sem VSÓ leggur áherslu á, tengd við UFS mælikvarðana og þau undirmerkið Heimsmarkmiðanna og mælikvarða þeirra sem mögulegt er að tengja við¹.



Skýring á litum sem notaðir eru til að lýsa frammistöðu og meta stöðu markmiða hjá VSÓ gagnvart UFS mælikvörðunum.

Merking	Lýsing
	Gildi mælikvarða er betra en árið á undan eða endanlegum markmiðum fyrir mælikvarðann er náð.
	Engin eða óveruleg breyting er frá fyrra ári.
	Gildi mælikvarða er verra en árið á undan. Markmiðum ekki náð.
	Gögn eða viðmið liggja ekki fyrir.





¹ <https://www.heimsmarkmidin.is/forsida/maelabord/>





UFS MÆLIKVARÐAR – UMHVERFI


Mæli- kvarði	Lýsing	Eining	2024	2025	Hver er staðan?	Tenging við HSP	Tenging við undirmarkmið HSP	Tenging við mælikvarða undirmarkmiðs
E1	Heildarmagn í CO ₂ ig fyrir umfang 1.	tonn CO ₂ ig	8	12	Losun vegna umfangs 2 og 3 minnkaði en losun vegna umfangs 1 jókst frá 2024.		13.2 Ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði að finna í landsáætlunum, stefnumótunum og skipulagi.	13.2.2 Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á ári.
	Heildarmagn í CO ₂ ig fyrir umfang 2.	tonn CO ₂ ig	3	2				
	Heildarmagn í CO ₂ ig fyrir umfang 3.	tonn CO ₂ ig	29	27				
E2	Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda m.v. úttaksstærð (stöðugildi).	tonn CO ₂ ig	0,46	0,50	Losun á hvert stöðugildi jókst frá 2024.			
	Heildarlosun lofttegunda annarra en gróðurhúsalofttegunda m.v. úttaksstærð.	-	-	-				
E3	Heildarmagn beinnar orkunotkunar (eldsneyti).	kWst	30.276	43.824	Notkun á eldsneyti jókst frá 2024.		12.2 Eigi síðar en árið 2030 verði markmiðum um sjálfbæra og skilvirka nýtingu náttúruauðlinda náð.	-
	Heildarmagn óbeinnar orkunotkunar (rafmagn).	kWst	178.432	168.241	Notkun á rafmagni minnkaði frá 2024.			
E4	Bein heildarorkunotkun m.v. úttaksstærð, stöðugildi (rafmagn).	kWst	2.075	2.052	Notkun á rafmagni á hvern starfsmann minnkaði frá 2024.			
E5	Hlutfall orkunotkunar eftir tegund orkuframleiðslu í prósentum.	Endurnýjanleg orka	89%	86%	Rafmagn og heitt vatn eru þeir endurnýjanlegu orkugjafar sem notaðir eru hjá VSÓ. Hlutfall þeirra minnkaði frá 2024.			
E6	Heildarmagn af vatni sem er notað (heitt vatn).	m ³	5.585	4.905	Notkun á heitu vatni minnkaði frá 2024 og er innan viðmiðs (0,5-0,8 m ³ /m ³). Veðurfar hefur mest áhrif á vatnsnotkun VSÓ.			
	Heildarmagn af vatni sem er endurheimt.	-	-	-				

Mælikvarði	Lýsing	Eining	2024	2025	Hver er staðan?	Tenging við HSP	Tenging við undirmarkmið HSP	Tenging við mælikvarða undirmarkmiðs
E7	Fylgir fyrirtækið þitt formlegri umhverfisstefnu?	Já/Nei	Já	Já	VSÓ var með umhverfisstefnu, sem rann inn í sjálfbærnistefnuna 2023, vinnur eftir vottuðu umhverfisstjórnarkerfi (ISO 14001) og stýrir notkun á auðlindum, m.a. orku.		<p>12.2 Eigi síðar en árið 2030 verði markmiðum um sjálfbæra og skilvirka nýtingu náttúruauðlinda náð.</p> <p>12.5 Eigi síðar en árið 2030 hafi forvarnir, minni úrgangur, aukin endurvinnsla og endurnýting dregið verulega úr sóun.</p>	12.5.1 Innlent endurvinnsluhlutfall, fjöldi tonna sem endurnýttur er.
	Fylgir fyrirtækið þitt tilteknum stefnum fyrir úrgang, vatn, orku, og/eða endurvinnslu?	Já/Nei	Já	Já				
E7	Notast fyrirtækið þitt við viðurkennt orkustjórnunarkerfi?	Já/Nei	Já	Já				
E8	Hefur stjórn þín eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu?	Já/Nei	Nei	Nei			<p>13.1 Auka viðbragðsáætlanir og forvarnir við vá af völdum loftslagsbreytinga og náttúruhamfara alls staðar í heiminum.</p>	-
E9	Hefur æðsta stjórnarteymi þitt eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu?	Já/Nei	Nei	Nei				
E10	Heildarfjármagn sem árlega er fjárfest í loftslagstengdum innviðum, seiglu og vöruþróun.	m.ISK	-	-	VSÓ vinnur að því að styrkja þekkingu og ráðgjöf á sviði loftslagsmála og sjálfbærni sem kallast „Græna leiðin“.			




UFS MÆLIKVARÐAR – FÉLAGSLEGIR ÞÆTTIR








Mæli- kvarði	Lýsing	Eining	2024	2025	Hver er staðan?	Tenging við HSP	Tenging við undirmarkmið HSP	Tenging við mælikvarða undirmarkmiðs
S1	Hlutfall heildar launagreiðslu forstjóra og miðgildis heildar launagreiðslna starfsfólks í fullu starfi.	%	1,95	1,95	-	-	-	-
	Er þetta hlutfall sett fram af fyrirtækinu þínu í skýrslugjöf til yfirvalda?	Já/Nei	Nei	Nei				
S2	Hlutfall miðgildis launagreiðslna karla og miðgildis launagreiðslna kvenna.	%	-	-	Jafnlaunaúttekt árið 2025 staðfesti að kyn sé ekki marktækt gildi (gefur ekki slíkt hlutfall). Vottun skv. jafnlaunastaðlinum ÍST 85.	5 JAFNHÉTTI KYNJANNA 	5.1 Öll mismunun gagnvart konum og stúlkum verði afnumin alls staðar.	
S3	Árleg breyting á hlutfalli starfsfólks í fullu starfi.	%	2	1,9		8 GÖÐATHYNNIA OG HAGVÖKTUR 	-	-
	Árleg breyting á hlutfalli starfsfólks í hlutastarfi.	%	-	-				
	Árleg breyting á fjölda verktaka og/eða ráðgjafa.	%	-	-				
S4	Kynjahlutfall innan fyrirtækisins.	%	43/57	41/59	Unnið er að hækkun hlutfalls kvenna og er stefnan að jafna kynjahlutfall í hinum ýmsum störfum hjá VSÓ.	5 JAFNHÉTTI KYNJANNA 	-	-
	Kynjahlutfall í byrjunarstörfum og næsta lagi starfsfólks fyrir ofan, í prósentum.	%	-	-	Gögnum ekki safnað um kynjahlutfall í byrjunarstörfum.			
S4	Kynjahlutfall í störfum í efsta lagi starfsfólks og sem framkvæmdastjórar/sviðsstjórar, í prósentum.	%	13	13	Stefna VSÓ er að jafna kynjahlutfall í hinum ýmsu störfum innan fyrirtækisins.	5 JAFNHÉTTI KYNJANNA 	-	-

Mælikvarði	Lýsing	Eining	2024	2025	Hver er staðan?	Tenging við HSP	Tenging við undirmarkmið HSP	Tenging við mælikvarða undirmarkmiðs
S5	Prósenta starfsfólks í hlutastarfi.	%	10	10	Engin viðmið/markmið hafa verið sett.		-	-
	Prósenta þeirra sem eru í verktöku og/eða ráðgjöf.	%	-	-				
S6	Fylgir fyrirtækið þitt stefnu er varðar kynferðislega áreitni og/eða jafnrétti?	Já/Nei	Já	Já	VSÓ vinnur eftir jafnréttisáætlun og Sáttmála gegn einelti, ofbeldi og áreitni sem nær yfir alla hópa samfélagsins.		-	-
S7	Tíðni slysatengdra atvika m.v. heildar vinnutíma vinnuafslisins í prósentum.		0	0	Markmið VSÓ er að ekkert starfsfólk slasist við vinnu á vegum VSÓ.		3.6 Eigi síðar en árið 2020 verði búið að ná fjölda dauðsfalla og alvarlega slasaðra vegna umferðarslysa niður um helming á heimsvísu. 3.9 Eigi síðar en árið 2030 verði komið í veg fyrir, svo um munar, dauðsföll og veikindi af völdum hættulegra efna og loft-, vatns- og jarðvegsmengunar. 8.8 Réttindi á vinnumarkaði verði vernduð og stuðlað að öruggu og tryggju vinnuumhverfi fyrir allt launafólk, meðal annars farandverkfólk, einkum konur í þeim hópi og þá sem eru í óöruggu starfi.	-
S8	Fylgir fyrirtækið þitt starfstengdri heilsustefnu og/eða hnattrænni stefnu um heilsu og öryggi?	Já/Nei	Já	Já	VSÓ vinnur eftir vottuðu öryggis- og heilsustjórnunarkerfi í samræmi við ISO 45001 og er markmið að öll komum við heil heim og engin þrói með sér atvinnutengda sjúkdóma.	 		
S9	Fylgir fyrirtækið þitt stefnu gegn barna- og/eða nauðungarvinnu?	Já/Nei	Já	Já	VSÓ fylgir almennri löggjöf á Íslandi sem nær yfir vinnu barna og unglinga.		8.7 Gerðar verði tafarlausar og árangursmiðaðar ráðstafanir til þess að útrýma nauðungarvinnu. Nútíma-þrælahald og mansal heyri sögunni til og tekið	

Mælikvarði	Lýsing	Eining	2024	2025	Hver er staðan?	Tenging við HSP	Tenging við undirmarkmið HSP	Tenging við mælikvarða undirmarkmiðs
	Ef já, nær stefnan gegn barna- og/eða nauðungarvinnu einnig til birgja og seljenda?	Já/Nei	Nei	Nei	-		verði fyrir barnaþrælkun og hún bönnuð, þar á meðal herþjónusta barna, og eigi síðar en árið 2025 verði nauðungarvinna barna í allri sinni mynd úr sögunni.	-
S10	Fylgir fyrirtækið þitt mannréttindastefnu?	Já/Nei	Já	Já	VSÓ vinnur eftir jafnréttisáætlun og Sáttmála gegn einelti, ofbeldi og áreitni sem nær yfir alla hópa samfélagsins.	-	-	-

UFS MÆLIKVARÐAR – STJÓRNARHÆTTIR

Mæli- kvarði	Lýsing	Eining	2024	2025	Hver er staðan?	Tenging við HSP	Tenging við undirmarkmið HSP	Tenging við mælikvarða undirmarkmiðs
G1	Hlutfall kvenna í stjórn í prósentum (samanborið við karla).	%	50	50	Stefna VSÓ er að jafna kynjahlutfall í hinum ýmsu störfum innan fyrirtækisins.		5.5 Tryggð verði virk þátttaka kvenna og jöfn tækifæri þeirra til að vera leiðandi við ákvarðanatöku á öllum sviðum stjórn- og efnahagsmála sem og á opinberum vettvangi.	5.5.2 Hlutfall kvenna í stjórnunarstöðum.
	Hlutfall kvenna í formennsku nefnda í prósentum (samanborið við karla).	%	Á ekki við	Á ekki við				
G2	Bannar fyrirtækið forstjóra að sinna stjórnarformennsku?	Já/Nei	Já	Já	Góðir stjórnarhættir gera ráð fyrir ákveðnu hlutfalli óháðra stjórnarmanna.	-	-	-
	Hlutfall óháðra stjórnarmanna í prósentum.	%	17	17				
G3	Fá framkvæmdastjórar formlegan kaupauka fyrir að ná árangri á sviði sjálfbærni?	Já/Nei	Nei	Nei	Ekki til staðar.	-	-	-
G4	Hlutfall starfsfólks fyrirtækisins í prósentum sem fellur undir almenna kjarasamninga.	%	100	100	Allt starfsfólk fellur undir almenna kjarasamninga.		8.5 Eigi síðar en árið 2030 verði full vinna og mannsæmandi störf í boði fyrir allar konur og karla, þar á meðal ungt fólk og fatlað fólk, og sömu laun greidd fyrir jafnverðmæt störf.	8.5.1 Meðaltíma kaup starfandi karla og kvenna, eftir starfi.
G5	Ber seljendum þínum eða birgjum að fylgja siðareglum?	Já/Nei	Nei	Nei	Hefur ekki verið hluti af birgjamati að gera þessa kröfu.		-	-
	Ef já, hve hátt hlutfall þinna birgja hafa formlega vottað að þeir fylgi siðareglunum, í prósentum?	%	-	-				
G6	Fylgir fyrirtækið þitt stefnu um siðferði og/eða aðgerðum gegn spillingu?	Já/Nei	Já	Já	Siðareglur eru hluti af starfsreglum stjórnar VSÓ.	-	-	-
	Ef já, hve hátt hlutfall vinnuafis þíns hefur formlega vottað að það fylgi stefnunni, í prósentum?	%	-	-				

Mæli- kvarði	Lýsing	Eining	2024	2025	Hver er staðan?	Tenging við HSP	Tenging við undirmarkmið HSP	Tenging við mælikvarða undirmarkmiðs
G7	Fylgir fyrirtækið þitt stefnu um persónuvernd?	Já/Nei	Já	Já	Persónuverndarstefna og verklag um meðferð persónuupplýsinga hjá VSÓ var innleitt 2018.	-	-	-
	Hefur fyrirtækið þitt hafist handa við að fylgja GDPR reglum?	Já/Nei	Já	Já				
G8	Gefur fyrirtækið þitt út sjálfbærnisráðgjöf?	Já/Nei	Já	Já	Sjálfbærnisráðgjöf gefin út frá árinu 2020, stuðst við UFS mælikvarða og leiðbeiningar Nasdaq.		12.6 Fyrirtæki, einkum stór og alþjóðleg fyrirtæki, verði hvött til þess að innleiða sjálfbæra þróun í starfsemi sína og veita upplýsingar um sjálfbærni í skýrslum sem gefnar eru út á þeirra vegum.	12.6.1 Fjöldi fyrirtækja sem birta skýrslur um sjálfbærni.
	Eru gögn um sjálfbærni að finna í skýrslugjöf til yfirvalda?	Já/Nei	Nei	Nei				
G9	Veitir fyrirtækið þitt upplýsingar um sjálfbærni til viðurkenndra aðila með skipulögðum hætti?	Já/Nei	Nei	Nei	Árið 2019 voru tengsl starfsemi VSÓ við Heimsmarkmiðin skoðuð sérstaklega og voru þau kortlögð m.v. starfseminna. Starfsemin er margþætt og tengist mörgum Heimsmarkmiðum. Lögð er áhersla á sex Heimsmarkmið.	     		
	Leggur fyrirtæki þitt áherslu á tiltekin heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (HSP)?	Já/Nei	Já	Já				
	Setur fyrirtækið þitt markmið og gefur skýrslu um framvindu HSP?	Já/Nei	Nei	Nei				
G10	Er upplýsingagjöf þín um sjálfbærni tekin út eða sannreynd af þriðja aðila?	Já/Nei	Nei	Nei	-	-	-	-